

Nd.

571. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþ. frumvarpið óbreytt, en ég tel, að ekki sé ástæða til að veita ríkisstj. þá heimild, sem í frumv. felst, að svo stöddu máli. Til þess liggja m. a. eftirfarandi ástæður:

Ríkisstjórnin fékk sams konar heimild til lántöku og hún nú fer fram á í nóvembermánuði s. l. Samkvæmt þeirri heimild aflaði hún sér lánsfjár að upphæð 75 millj. kr. Enn er óráðstafað af þeirri upphæð 32.9 millj. kr., og Alþingi hefur ekki fengið upplýsingar um, hvernig þessu fé verður varið.

Óskað hefur verið eftir upplýsingum um það, hvernig ráðgert sé að verja því fé, sem nú er farið fram á heimild til að taka að láni. Þær upplýsingar hafa ekki fengizt nema að litlu leyti.

Lánskjör á skuldabréfaláninu, sem boðið var út samkv. heimildinni frá 20. nóv. s. l., voru 7.2% vextir og auk þess vísitölutrygging samkv. byggingarvísitölu. Vextir af þessum skuldabréfum munu nú vera orðnir um 8%, og stofn bréfanna hefur hækkað um nær 8%.

Enn hugsar ríkisstjórnin sér að afla fjár með lánsútboði á svipuðum grundvelli. Hér er því augljóslega um mjög óhagstæð lán fyrir ríkissjóð að ræða.

Þá tel ég, að rétt sé að skrá skuldabréf eða spariskirteini þessa fyrirhugaða lánsútboðs á nafn þeirra, sem þau kaupa, svo að komið verði í veg fyrir, að lánsútboð þetta verði til þess að auðvelda ýmsum skattsvik.

Ég mun flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali við frumvarpið, en get ekki fallizt á að samþykkja það óbreytt að svo komnu máli.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Lúðvík Jósefsson.